

Úrgangsráð Vestfjarða

Fimmti fundur

Netheimum 28. ágúst 2025 kl. 10.00 - 11.00

Fundargerð

Mættir: Lilja Magnúsdóttir Vesturbyggð, Runólfur Georg Karlsson Súðavíkurhrepp (áheyrnarfulltrúi), Þorgeir Pálsson Strandabyggð, Ragnheiður Ingimundardóttir Strandabyggð og Hjörleifur Finnsson Hringrásarfulltrúi Vestfjarðastofu sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

- Hjörleifur kynnir drög að samantekt um jarðgerðarvélar
- Fréttahringur
- Forgangsmál í starfinu í haust
- Önnur mál

Fundargerð

1. Hjörleifur kynnti drög að samantekt um jarðgerðarvélar, helstu niðurstöður eru þessar:
 - a. Jarðgerðarvélar er sveigjanlegur og líklega mjög hagkvæmur kostur þegar kemur að meðhöndlun lífræns úrgangs
 - b. Jarðgerðarvélum má skipta upp í tvær megin gerðir, þær sem skila fullunnini moltu og þær sem skila afurð sem þarf að vinna frekar (24 tíma vélar)
 - c. Gróft viðmið um afkastapörf véla er um 100 kg. á íbúa á ári. Skoða þarf marga þætti þegar kemur að mati á afkastapörf
 - d. Litlar „heima“jarðgerðarvélar (1-4 kg/dag) eru spennandi kostur fyrir dreifbýli
 - e. Meðalstórar jarðgerðarvélar (25 – 125 kg/dag) eru augljós kostur fyrir minni sveitarfélög, eða minni kjarna stærri sveitarfélaga
 - f. Stórar vélar eru hagkvæmastar miðað við innkaupsverð á hvert tonn af afkastgetu
 - g. Tiltölulega lítil reynsla er á Íslandi á notkun véla, en meðalstóru Líf 50 og bráðlega Reencle Mega 100 skera sig úr.
 - h. Samanburður á öðrum þáttum en verði er erfiður á milli véla, þar sem lítil reynsla er komin á vélarnar

Nokkur umræða varð um ýmsa þætti en fólk sammála um flest. Hjörleifur gangi frá samantektinni og setji á vef Vestfjarðastofu

2. Þorgeir sagði fréttir af jarðgerðarvél, og framkvæmdum sorpsamlags strandamanna og Lilja sagði fréttir af lærdómsríkri ferð sveitarfélaganna á urðunarstaðinn í Fíflholtum og kynningu á mögulegri brennslustöð í Helguvík. Í framhaldinu voru brennslustöðvar ræddar nokkuð.
3. Forgangsröðun verkefna verður óbreytt þar til hún verður tekin upp næst.
4. Þessum lið var frestað til næsta fundar vegna tímaskorts